

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 2009 í máli nr. E-9331/2008:

Gunnar Björnsson

(Klemenz Eggertsson hdl.)

gegn

Íshlutum ehf.

(Þorsteinn Einarsson hrl.)

Mál þetta sem dómtekið var 12. maí 2009 var höfðað 20. október 2008.

Stefnandi er Gunnar Björnsson, Skógarhæð 2, Garðabæ. Stefndi er Íshlutir ehf., Völuteig 4, Mosfellsbæ.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 7.388.584 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III., IV. og V. kafla laga nr. 38/2001 af 420.024 krónum frá 1. ágúst 2007 til 1. september 2007, af 1.116.880 krónum frá þeim degi til 1. október 2007, af 1.813.736 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 2007, af 2.510.592 krónum frá þeim degi til 1. desember 2007, af 3.207.448 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2008, af 3.904.304 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 2008, af 4.601.160 krónum frá þeim degi til 1. mars 2008, af 5.298.016 krónum frá þeim degi til 1. apríl 2008, af 5.994.872 krónum frá þeim degi til 1. maí 2008, af 6.691.728 krónum frá þeim degi til 1. júní 2008, af 7.388.584 krónum, sem er stefnufjárhæðin, frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar, auk virðisaukaskatts, að mati réttarins og eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst þess að kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta verði vísað frá dómi. Þá krefst stefndi þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati dómsins.

Málavextir:

Stefnandi gerði hinn 26. maí 2006, samning við þá óstofnað hlutafélag, nú Hið íslenska gáfumannafélag ehf., um kaup á félagsins á nánast öllum hlutum stefnanda í Íshlutum ehf. og Vélaflí ehf. Í samningnum var gert ráð fyrir að stefnandi skyldi starfa hjá félögunum næstu 2 árin. Í samningi þessum, sem liggur frammi í málinu,

var gert ráð fyrir að gerður yrði sérstakur ráðningarsamningur og skyldu föst mánaðarlaun vera 600.000 krónur og greiddast eftir á, auk nánar skilgreindrar risnu. Þá var í samningi þessum kafli um samkeppnisbann, eða um að stefnanda væri óheimilt að vera í samkeppni við hin seldu félög með nánar skilgreindum hætti.

Stefnandi hélt áfram að starfa hjá stefnda til sumars 2007 og fékk greidd laun fyrir júní og hluta launa fyrir júlí 2007 og síðan ekki frekari laun. Greinir aðila á um hvernig það kom til að stefnandi hætti störfum hjá Íshlutum ehf. Eins og stefnandi lýsir atvikum, tjáði Hjálmar Helgason, fyrirsvarsmaður stefnda, honum í ágúst 2007 að frekari laun yrðu ekki greidd og nærveru hans væri ekki óskað á vinnustaðnum. Hafi stefnandi þá yfirgefið vinnustaðinn þar sem ljóst hafi verið að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi hans.

Stefndi lýsir aðdraganda þess að stefnandi lét af störfum hjá stefnda hins vegar þannig að ástæða þess að stefnandi hætti störfum í júlí 2007 hafi verið gagnkvæmur vilji aðila. Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi mætt illa og seint til vinnu og gerðar hafi verið athugasemdir við fjarveru stefnanda og þá staðreynd að hann hafi í raun ekki sinnt vinnu í þágu stefnanda og hafi þetta m.a. verið ástæða samkomulags um að stefnandi hætti störfum í byrjun júlí 2007 og um að hann fengi greidd laun fyrir þriðjung júlímánaðar. Hafi vegna starfsloka stefnanda m.a. verið boðað til fundar með starfsmönnum til að tilkynna um starfslokinn og hafi stefnandi þar tekið til máls og þakkað fyrir samstarf og staðfest þannig samkomulag um starfslokinn.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir kröfu sína á því að hann hafi með ólögmætum hætti verið gerður brottrækur út starfi og krefjist hann launa út ráðningartímann, sem sé það tjón sem hann hafi orðið fyrir. Stefnandi hafi ekki með neinum hætti brotið gegn starfskyldum sínum og stefndi hafi því með ólögmætum hætti vanefnt ráðningarsamning, hrakið stefnanda úr starfi og beri að bæta það fjártjón sem af leiðir, eða umsamin laun út ráðningartímann samkvæmt meginreglu vinnuréttar um greiðslu verkkaups.

Ógreidd laun út samningstímann sundurliðist þannig:

Laun	600.000	krónur
Bifreiðahlunnindi	36.856	krónur
Mótframlag í lífeyrissjóð	48.000	krónur
Mótframl. í séreignasjóð	12.000	krónur
Samtals	696.856	krónur

Auk ógreidds hluta launa fyrir júlí 2007:

Laun	381.840	krónur
Mótframlag í lífeyrissjóð	30.547	krónur
Mótframl. í séreignasjóð	7.637	krónur
Samtals	420.024	krónur

Stefnandi byggir á meginreglun samninga- kröfu- og vinnuréttarins um skuld bindingagildi vinnusamninga og vísar til laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups. Þá er vísað til sjónarmiða skaðabótaréttarins.

Málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi byggir á því að hann sé skuldlaus við stefnanda. Ekki hafi verið gerður ráðningarsamningur milli aðila og ekki orðið samkomulag um að stefnandi starfaði hjá stefnda þann tíma sem tilgreindur var í nefndum samningi. Samkomulag hafi orðið milli aðila um að stefnandi hætti störfum hjá stefnda í júlímánuði 2007. Stefnandi hafi því hvorki vanefnt né rift ráðningarsamningi við stefnanda. Ástæða þess að stefnandi hætti í júlí 2007 hafi verið gagnkvæmur vilji aðila. Stefnandi hafi ekki starfað hjá stefnda frá þeim tíma og eigi því ekki rétt á launum frá þeim tíma. Stefnandi hafi greitt stefnanda umsamin laun þar til hann hætti störfum í júlí 2007 og með þeim hætti efnt að fullu samkomulag aðila.

Stefndi hafi greitt stefnanda laun fyrir hluta júlí 2007 og samið hafi verið um að frekari laun yrðu ekki greidd. Krafa stefnanda sé í andstöðu við samkomulag aðila og þá staðreynd að stefnandi hafi ekki unnið fyrir stefnda frá því í byrjun júlí 2007. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Þá er lögð áhersla á að stefnandi krafði stefnda ekki um greiðslu ætlaðra launa fyrr en með stefnu í lok október 2008, eða um 16 mánuðum eftir umsamin starfslok stefnanda og styðji það tómlæti stefnanda fullyrðingu stefnda um samkomulag um starfslok stefnanda. Stefnandi telur að sýkna beri hann af kröfum stefnanda með vísan til réttareglna kröfuréttar um tómlæti, en stefndi telur málssókn þessa aðeins vera veikburða svar stefnanda við málshöfðun Hins íslenska gáfumannafélags ehf. á hendur stefnanda og fleirum í september sl. til heimtu skaðabóta vegna vanefnda á samningi um sölu hluta í Íshlutum ehf.

Verði ekki fallist á að kröfu um sýknu á grundvelli samkomulags aðila um starfslok stefnanda byggir stefndi á því að stefnda verið rétt að segja stefnanda upp starfi í byrjun júlí 2007 vegna ítrekaðra og alvarlegra brota stefnanda á starfsskyldum sínum gagnvart stefnda. Stefnandi hafi mætt ákaflega illa til vinnu, mætt seint og farið snemma. Þá hafi hann iðulega tekið sér frí frá vinnu vegna ferða til útlanda o.fl. og án þess að leita heimildar vinnuveitanda. Stefnandi hafi í raun engri vinnu sinnt í þágu stefnda frá því hlutir í félaginu voru seldir í maí 2006 og í raun verið baggi á stefnda. Stefnandi hafi ítrekað kvartað yfir háttsemi stefnanda en hann ekki

sinnt í neinu þeim umkvörtunum. Vegna vanefnda stefnanda hafi verið rétt að segja honum upp störfum fyrirvaralaust og um leið verið brostnar forsendur fyrir vinnusamningi aðila. Þá telur stefndi að sýkna beri hann af kröfum stefnanda með vísan til réttareglna kröfuréttar um tómlæti.

Krafa stefnda um sýknu sem og varakrafa um verulega lækkun krafna byggist á því að lækka beri kröfur stefnanda m.a. sem nemur launum sem stefnandi hafi þegið frá öðrum frá því í september 2007, enda ætlað tjón stefnanda aðeins mismunur tekna hans á því tímabili og kröfu hans á hendur stefnda um laun það tímabil. Þá leggur stefndi áherslu á að stefnanda hafi borið að draga úr ætluðu tjóni sínu með því að afla tekna annars staðar og beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda enda þótt í ljós komi að stefnandi hafi engri eða lítilli vinnu sinnt frá því í september 2007. Þá sé þess krafist að kröfur stefnanda verði lækkaðar sem nemur staðgreiðsluhlutfalli enda skylda stefnda að lögum að greiða staðgreiðslu launa til ríkissjóðs ef svo ótrúlega færi að fallist yrði á kröfur stefnanda að einhverju leyti eða öllu.

Stefndi krefst þess að kröfu um dráttarvexti verði vísað frá dómi, þar sem í kröfugerð stefnanda sé vaxtafótur ekki tilgreindur og ekki vísað til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Stefndi vísar þessu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 292/2007.

Niðurstaða:

Stefnandi virðist byggja kröfugerð sína á samningi sem hann gerði 26. maí 2006 við óstofnað hlutafélag, síðar Hið íslenska gáfumannafélag ehf., en í þeim samningi er meðal annars ákvæði um að stefnandi skyldi vinna hjá félögunum, sem hann seldi hlut í samkvæmt samningnum, næstu tvö ár. Kaupandinn samkvæmt samningnum er ekki aðili að máli þessu og stefndi var ekki aðili að samningnum. Þó að svo virðist sem sami aðaleigandi sé að bæði stefnda og Hinu íslenska gáfumannafélagi ehf., og sami maður sem undirritaði samninginn frá 26. maí 2006 fyrir það félag, teljist fyrirvarmaður stefnda, er ljóst að um tvo sjálfstæða lögaðila er að ræða. Því verður ekki litið svo á að ákvæði í nefndum samningi á milli stefnanda og hins þá óstofnaða félags, um tveggja ára ráðningartíma stefnanda, bindi stefnda.

Það liggur hins vegar fyrir og er óumdeilt að stefnandi starfaði hjá stefnda frá því að hann seldi hluti sína í stefnda eða frá maí 2006 og þar til í byrjun júlí 2007, þó að ekki hafi verið gerður formlegur ráðningarsamningur. Stefnandi lét af störfum í júlí 2007 og fékk greidd laun fyrir hluta þess mánaðar. Launaseðill hans vegna þess mánaðar og júnímánaðar 2007 liggja frammi í málinu og fær kröfugerð stefnanda stoð í þeim að því er varðar mánaðarleg launakjör stefnanda.

Skýrslur voru teknar af nokkrum aðilum við aðalmeðferð málsins og kom þar fram nokkuð mismunandi skilningur á því hver hefði verið aðdragandi starfsloka stefnanda hjá stefnda. Þó kom þar nokkuð skýrt fram að á fundi með starfsmönnum, sem haldinn var í lok ágúst, hafi verið tilkynnt um starfslok stefnanda og hann við það tækifæri kvatt samstarfsmenn sína og þakkað samstarf. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið að stefnda hafi tekist sönnun þess að samkomulag hafi orðið um starfslok stefnanda og er því mögulegt að stefnandi eigi

rétt á launum í uppsagnarfresti. Hins vegar er kröfugerð og öllum málatilbúnaði stefnanda ekki þannig háttað í máli þessu að unnt sé að leggja dóm á það atriði á grundvelli hans. Verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu málsins þykir, með vísan til atvika málsins, rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Anna M. Karlsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Íshlutir ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Björnssonar.

Málskostnaður fellur niður.